

Verðbréfareyfi Auður Capital komið með verðbréfareyfi

Sér sóknarfæri í umróti á fjármálamörkuðum

Auður Capital, sem stofnað var fyrir um níu mánuðum, hefur opnað dyrnar til þess að þjónusta viðskiptavinum sína með eignastýringu og fyrirtækjaráðgjöf í kjölfar verðbréfareyfis sem fyrirtækið fékk á mánudaginn var. „Þótt það blási kaldir vindar á fjármálamörkuðum, þá fylgja því mikil tækifæri fyrir fjárfesta,“ segir Kristín Pétursdóttir, forstjóri fyrirtækisins, aðspurð um tímasetningu verðbréfareyfisins.

„Í kjölfar umróts á fjármálamörkuðum myndast ný tækifæri. Það eru farin að myndast kaup-tækifæri hér og þar,“ segir hún í samtali við Viðskiptablaðið en bendir á að það eigi enn eftir að koma í ljós hvenær markaðir taka aftur við sér.

Stjórnendur Auðar Capital koma inn á markaðinn með nýja nálgun. „Við teljum þetta frábæran tímupunkt til þess að koma inn á markaðinn með fjármálafyrirtæki sem við segjum stundum að sé mannlegra og beiti kvenlægar nálgun við sína þjón-



Halla Tómasdóttir og Kristín Pétursdóttir, stofnendur Auðar Capital.

VB MYND/BIG

ustu,“ segir Kristín. Einn af kostum þjónustu Auðar Capital segir Kristín vera að félagið veiti óháða ráðgjöf þar sem það starf-ræki ekki eigin verðbréfasjóði heldur bjóði upp á þá fjárfestingarkosti með samstarfssamningum við bæði innlend og erlend

fjármálafyrirtæki. „Við veljum fyrir viðskiptavininn þá verðbréfasjóði sem við teljum besta hverju sinni,“ segir hún.

Í byrjun mars lauk Auður Capital fjármögnun á sínum fyrsta fagfjárfestisjóði (Private Equity Fund) – Auði I, fyrir 3,2 millj-

GETA EKKI BÚIÐ VIÐ KRÓNU

» „Ekkert fyrirtæki getur búið við gengissveiflur krónunnar og himinháa vexti til lengri tíma,“ segir Kristín Pétursdóttir, forstjóri Auðar Capital í samtali við Viðskiptablaðið. Kristín segir að íslenskt viðskiptalíf sé orðið mjög alþjóðlegt og krónan hái fyrirtækjum landsins, bæði vegna gengissveiflna og hárra vaxta. „Hvort sem okkur líkar það betur eða verr, verðum við að horfast í augu við þá staðreynd,“ segir hún. „Það er mjög mikil áskorun að reka fyrirtæki í þessu umhverfi.“

arða króna frá 21 fjárfesti. Rekstur sjóðsins er ekki leyfis skyldur. „Við erum byrjuð að skoða fjölda fjárfestingartækifæra fyrir sjóðinn en munum þó flýta okkur hægt,“ segir Kristín.

» helgi@vb.is

